

Nefndarálit og breytingartillaga **við tillögu til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.**

Flutt af fjárhagsnefnd.
Frsm. Gísli Gunnarsson.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að þingsályktunartillagan á þskj. 15 verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögum:

I.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að fela kirkjuráði/framkvæmdanefnd kirkjuþings að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Árnes 1, Árneshreppi.
2. Voli, Flóahreppi.
3. Skeggjastaðir, Langanesbyggð.
4. Syðra-Laugaland, Eyjafjarðarsveit (íbúðarhús og lóð).
5. Brúnir (úr Syðra-Laugalandi), Eyjafjarðarsveit.
6. Hamrahlíð 12, Vopnafirði.
7. Hvammstangabraut 21, Hvammstanga.

II.

Kirkjuþing samþykkir að fela fjárhagsnefnd, í samvinnu við framkvæmdanefnd kirkjuþings, að vinna að heildstæðri eignastefnu þjóðkirkjunnar og þar verði m.a. horft til þeirra skýrslu um fasteignamál þjóðkirkjunnar sem lögð var fram í 3. máli á yfirstandandi kirkjuþingi. Sérstaklega verði þar horft til þeirra flokkunar sem þar er gerð á fasteignum kirkjunnar. Sömuleiðis verði horft til þess, að almenna reglan verði sú, að prestssetrum í þéttbýli þar sem búa 500 manns eða fleiri verði fækkað þar sem slíkt er hægt vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Búi fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- Þar sem aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt
- Þar sem staðhættir, til að mynda eftir sameiningar prestakalla, réttlæta slíkt
- Þar sem söguleg eða menningarleg rök þykja mæla með því

Búi færri en 500 manns í þéttbýliskjarna getur kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til prestsbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að nálægð sévið fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

III.

Kirkjuþing samþykkir, að horft skuli til þess, að þegar eignir kirkjunnar eru seldar geta komið upp þær aðstæður að fjárhagslegir hagsmunir þjóðkirkjunnar og/eða landslög krefjist þess, að víkja þurfi frá því ákvæði 5. mgr. 4. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar þar sem segir:

Kirkjuráð skal auglýsa á almennum markaði allar fasteignir þjóðkirkjunnar, sem það hefur ákveðið að selja með samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð skal taka hæsta tilboði eða hafna öllum.

Komi slíkar aðstæður upp skal slík undanþága heimil með samþykki framkvæmdanefndar kirkjuþings.

Reykjavík, 19. nóvember 2021.

Fjárhagsnefnd.

Gísli Jónasson, formaður.

Einar Már Sigurðarson.

Gunnlaugur Garðarsson.

Hermann Ragnar Jónsson.

Hreinn Hákonarson.

Svana Helen Björnsdóttir.